

Hafnarfjarðarbær
Innk: 7/3 2017
Mátsnr: 1703092
Bréfali: 580-2

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 6.mars 2017

**VARÐAR: UPPGJÖR VEGNA REKSTURS ENDURVINNSLUSTÖÐVA SORPU OG SVEITARFÉLAGANNA FYRIR ÁRIÐ 2016.**

Á stjórnarfundi SORPU bs. þann 24. febrúar sl. var ársreikningur ársins 2016 afgreiddur. Jafnframt ákvað stjórn að sveitarfélögunum yrði gefin kostur á að gera upp rekstur endurvinnslustöðvanna á mismunandi hátt. Eftirfarandi er úr fundargerð stjórnarfundar:

*„Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað dagsett 24.2.2017 vegna uppgjörs endurvinnslustöðvanna. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að fyrirkomulagi uppgjörs sveitarfélaganna.“*

Meðfylgjandi bréfi þessu er tilvitnað minnisblað framkvæmdastjóra þar sem koma fram hugmyndir að tveimur uppjörsleiðum.


Óskað er svara við því hvaða leið hvert sveitarfélag vill fara.

f.h. SORPU bs.

  
Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri

**Afrit:**

Fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar  
Tæknideild / bæjarverkfræðingur Hafnarfjarðarbæjar



Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 24. febrúar 2017

V/ uppgjors endurvinnslustöðvanna

Skv. ársreikningi SORPU bs. fyrir árið 2016 er kostnaður umfram tekjur á endurvinnslustöðvunum kr. 167.920.170,-.

Í þjónustusamningi SORPU við sveitarfélögin er fjallað um hvað skuli gera með jákvæðan eða neikvæðan mismun eftir hvert reikningsár. Um þetta er fjallað í 9. gr. samningsins:

*„Kostnað sem hlýst af fráviki frá áætluðu magni úrgangs eða förgunar-, endurnýtingar- eða endurvinnslukostnaði skal SORPA innheimta hjá sveitarfélögunum við ársuppgjör. Sé magn úrgangs eða kostnaður við förgun, endurnýtingu eða endurnotkun úrgangs undir áætlun skal SORPA endurgreiða sveitarfélögunum ofgreidd gjöld. Heimilt er að færa vanrúkuð eða ofgreidd gjöld milli ára þ.e. þau leggjast við eða dragast frá gjöldum næsta árs. Kostnaði sveitarfélaganna skal skipta hlutfallslega milli þeirra m.v. íbúatölu hjá hverju sveitarfélagi. Skal miða við íbúatölu hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi. Við ársuppgjör skal miða við sömu hlutfallstölu og viðkomandi rekstrarár.“*

Skv. ofangreindu er heimilt að færa uppgjör milli ára, hins vegar getur það verið varasamt vegna hættu á uppsöfnun, sérstaklega í ljósi þess að magn á endurvinnslustöðvunum hefur vaxið verulega frá áramótu og stefnir í að erfitt verði að finna sparnað í rekstri á móti þessum útgjöldum sem af augljósum ástæðum eru ekki í áætlun ársins. Vitað er hins vegar að staða sveitarfélaganna er mismunandi til uppgjors á þessari skuld þeirra við SORPU bs. Hér eru sett upp nokkur dæmi um hvernig hægt væri að ganga frá þessum málum:

**Dæmi 1, eingreiðsla**

Sveitarfélag	Sveitarfélagaskipan 1. jan 2016 <sup>1</sup>	Eingreiðsla mars 2017
Reykjavík	57,55%	96.638.321,-
Kópavogur	15,87%	36.641.386,-
Hafnarfjörður	13,21%	22.179.002,-
Garðabær	6,87%	11.539.695,-
Mosfellsbær	4,42%	7.430.187,-
Seltjarnarnes	2,08%	3.491.579,-
<b>SAMTALS</b>	<b>100%</b>	<b>167.920.170,-</b>

<sup>1</sup> Tölur fengnar hjá Hagstofu Íslands


Einnig má hugsa sér aðrar skiptingar. Ef greiðslum yrði skipt niður á 10 mánuði yrðu mánaðarlegur greiðslur sem hér segir:

Sveitarfélag	Skipting	Mánaðarleg afborgun	Vextir* á tímabilinu	Samtals
Reykjavík	57,55%	9.663.832,-	1.860.288,-	98.498.609,-
Kópavogur	15,87%	2.664.139,-	512.847,-	27.157.233,-
Hafnarfjörður	13,21%	2.217.900,-	426.946,-	22.605.947,-
Garðabær	6,87%	1.153.970,-	222.139,-	11.761.834,-
Mosfellsbær	4,42%	743.019,-	143.031,-	7.573.218,-
Seltjarnarnes	2,08%	349.158,-	67.213,-	3.558.792,-
<b>SAMTALS</b>	<b>100%</b>	<b>16.792.017,-</b>	<b>3.232.463,-</b>	<b>171.152.633,-</b>

\* Vextir reiknast tímabilið mars 2017 – desember 2017. Vaxtaþrósentu miðast við almenna innlánsvexti sem SORPU standa til boða í sínum viðskiptabanka.

Einhverjar aðrar samsetningar má skoða en það er tillaga undirritaðs að sveitarfélögunum verði gefið val um hvernig frá þessu verður gengið.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri